



Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja til meistaránema

1. Inngangur

Stjórn Byggingastofnunar ákvað á fundi sínum þann 13. mars 2015 að veita árið 2015 allt að 1.000.000 kr. til meistaránema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðapróunar. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaáætlunar 2014-2017 og kostur er ef verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar.

2. Umsóknir

Umsóknum skal skilað til Byggingastofnunar á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og hvernig það tengist byggðapróun og eftir atvikum styður við byggðaáætlun.

Byggingastofnun er heimilt að kalla eftir nánari upplýsingum og gögnum frá umsækjendum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að hafna öllum umsóknum sem ekki tengjast byggðapróun eða uppfylla að öðru leyti ekki þær kröfur sem gerðar eru til verkefna.

Umsækjendur skulu leggja stund á meistaránám við viðurkenndan háskóla. Umsóknum skal skila á íslensku nema um annað sé samið við umsónarmenn sjóðsins.

3. Mat á umsóknum

Stjórn Byggingarannsóknasjóðs mun raða umsóknum í forgangs röð og leggja fyrir stjórn Byggingastofnunar sem tekur ákvörðum um styrkveitingu.

Við mat á umsóknum er litið til tengsla við byggðapróun, nýnæmi verkefnis og hvort að til staðar séu möguleikar á hagnýtingu þess, sem og gæði umsókna og hæfni umsækjenda.

Umsækjendur fá sendan tölvupóst þar sem greint er frá niðurstöðu úthlutunar og tilkynnt er um úthlutun á vef Byggingastofnunar.

4. Greiðsla styrkja

Stefnt er að því að veita fjóra styrki. Byggingastofnun gerir skriflegan samning við hvern styrkþega. Helmingur styrksins verður greiddur út við undirritun samnings og helmingur þegar verkefni er lokið og Byggingastofnun hefur fengið eintak af því.

Áður en styrkur er greiddur út þurfa styrkþegar að leggja fram staðfestingu leiðbeinenda síns á verkefninu og að vinna við það sé hafin. Verkefnum skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en sumarið 2019. Nýti styrkþegi úthlutaðan styrk ekki innan árs frá úthlutun, fellur styrkurinn niður.